



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufásborg

2024 – 2025



Trommutónleikar í Hörpuhorni á Barnamenningarhátíð

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastýru	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	5
4 Innra mat Eldri og Yngri stúlkna- og drengjakjarna	6
5 Innra mat sérkennslu	7
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	8
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	8
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
8 Foreldrasamvinna	8
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	8
10 Fylgiskjöl	8



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastýru

Það er mikil vinna á bak við góðan skóla. Lykilatriðið er ávallt kærleikur og samvinna og við tökum það mjög alvarlega þegar við segjum að **GLEÐI ER FAGMENNSKA** (sjá fylgiskjal 10.2 „Gleði er fagmennska“). Okkur líður þó alltaf í hjartanu þannig að Laufásborg sé meira en “bara leikskóli” því hér er mannrækt og uppbygging á hverjum degi og hlúð að stóru fólki sem smáu. Þær fjölskyldur sem standa að baki skólanum hafa stutt okkur og treyst okkur sem skiptir sköpum alla daga.

Í upphafi skólaárs lögðum við sérstaklega áherslu á að tengja sterkt við hverja og eina fjölskyldu og þar koma hópstýrur og hópstjórar skólans sterkt inn. Markmið okkar var að hver og ein fjölskylda upplifði sig alltaf **vel upplýsta**. Hópstýran/hópstjórinn ver lunganum af leikskóladeginum með hópnum sínum og leggur sig fram við að kynnast sem best hverju og einu barni. Við byggjum **gott samstarf á samtalinu** og það er **alltaf í boði að hafa beint samband við hópstýruna/hópstjóran**, bæði á skólatíma og eftir skóla. (sjá fylgiskjal 10.3 “Velkomin á Laufásborg” - nýr upplýsingabæklingur til fjölskyldna á Laufásborg).

Við erum **hjartamenntandi og kærleiksdrifinn vinnustaður**, “tilfinningaræktarstöð” og með kærleika og þakklæti að leiðarljósi náum við að skapa og fylla dagana af fallegu og uppbyggilegu barnastarfi. **Símenntun starfsfólks** á þessu skólaári hefur verið á þessum nótum þar sem við höfum haft jákvæða sálfræði að leiðarljósi ásamt samfélagsgæsku, streitustjórnun, seiglu og hvernig við getum borið ábyrgð á eigin vellíðan í starfi (sjá fylgiskjal 10.4 “Jákvæð sálfræði” - Edda Björgvinsdóttir, sjá fylgiskjal 10.5 “Samfélagsgæska” - Dr. Ólafur Þór Ævarsson, fylgiskjal 10.6 “Streita, vinur í raun” - Kristín Sigurðardóttir slysa- og bráðalæknir). **Mikill stöðugleiki er í starfsfólkshópnum** og á skólaárinu fengum við aftur til starfa fyrrum kennara skólans. Að skólanum stendur öflugur hópur fólks og þekking og reynsla starfsfólks er fjölbreytt og mikil og við erum meðal annars með starfandi klínískan sálfræðing. Starfsaldur starfsfólks er hár og því reynsluboltar á hverjum kjarna.

Á skólaárinu sem senn er á enda höfum við verið dugleg að láta ljós okkar skína í **fjölmíðlum**. Það kom góð umfjöllun um starfið á Laufásborg í Ísland í dag, heill 15 mínútna þáttur, og hér er frétt um þáttinn og stutt innslag úr þættinum (sjá fylgiskjal 10.7 “Leikskólinn sem foreldrar elska og starfsfólkið vill ekki hætta”) og hér er þátturinn í fullri lengd (sjá fylgiskjal 10.8 Ísland í dag, Laufásborg). Þessi fjölmíðlaumfjöllun er góð heimild sem gefur frábæra innsýn í starfið okkar á Laufásborg. Í kjölfar innslags Sindra Sindrasonar, fréttamanns, í Ísland í dag birti Viðskiptablaðið greinina “Verum eins og Laufásborg”. Í greininni er góð samantekt á stöðu skólans, “eins og biðlistinn gefur til kynna vill verulegur fjöldi foreldra koma barni sínu inn á leikskólann”. Leikskólinn er þó ekki aðeins vinsæll meðal foreldra því hann er einnig eftirsóttur vinnustaður. Starfsmannavelta er mjög lítil og þegar rennt er yfir



starfsmannalistann á heimasíðu leikskólans má sjá að flest allir hafa starfað þar lengi og sumir kennarar verið í tugi ára. Það bendir sterklega til þess að starfsánægja sé mikil (sjá fylgiskjal 10.9 “Verum eins og Laufásborg”). Við æfum jákvæða athygli með börnunum á Laufásborg með hrós- og þakklætiskortunum okkar. Okkar reynsla er að það styrki börnin nota jákvæðar staðhæfingar um sig sjálf og aðra. **Hrós- og þakklætiskortin** okkar eru grunnefniviður á Laufásborg (sjá fylgiskjal 10.10 Mynd af hrós- og þakklætiskortunum). Mannlegi þátturinn á Rás 1 gerði því góð skil hvernig við notum kortin í okkar starfi með börnunum (sjá fylgiskjal 10.11 Rás 1, Mannlegi þátturinn, “Þú ert að lyfta barninu upp með því að veita þessu athygli”). Á Laufásborg leggjum við mikla áherslu á sjálfsþekkingu og að starfsfólk læri að þekkja eigin styrkleika, mörk, taki ábyrgð á eigin líðan og hamingju og temji sér kærleiksrik og heiðarleg samskipti. Við erum lausnamiðuð og eina leiðin til þess er að hvert og eitt okkar spyrji sig “hvað ætla ég að gera í því?” í aðstæðum sem reyna á okkur. Í grein Heimildarinnar “Að skapa nýjan farveg” skrifaði leikskólastýra Laufásborgar hugleiðingu um hvað hún hafi lært af lífinu. Greinin endurspeglar vel okkar nálgun í sjálfsefningu á Laufásborg og fær greinin því að fljóta hér með sem heimild (sjá fylgiskjal 10.12 Heimildin, “Að skapa nýjan farveg”).

Skákkennslan á Laufásborg er frumkvöðlastarf á heimsmælikvarða þar sem við höfum brotið blað í sögu skákheimsins hvað eftir annað. Börnin frá okkur hafa keppt á Íslandsmóti Barnaskólasveita fyrst leikskólabarna og voru fyrst leikskólabarna til að tefla á HM og EM í skóla skák. Skákkennsla var innleidd á Laufásborg árið 2008 og hefur öllum aldurstigum skólans verið kennd skák síðan. Formleg kennitala Skákfélags Laufásborgar var komin 30. ágúst 2023. Í ár fóru 16 börn á vegum Skákfélags Laufásborgar á EM í skólaskák á Írlandi, þar af voru átta börn á leikskólaaldri og átta fyrrum nemendur skólans en skapast hefur hefð fyrir því að fyrrum nemendur fari með á HM og EM mótin sem við tókum þátt í. Þetta er fimmta árið sem nemendur frá Laufásborg fara erlendis á HM eða EM. Foreldrasamstarf er afar þétt í kringum þessar skákferðir. Tíðar æfingar og öflug fjáröflun á sér stað til að standa straum af þeim kostnaði sem fylgir ferðunum. Foreldrafélag skák barnanna, „**Hrókur alls fagnaðar**“, stóð í fjórða sinn fyrir fjáröflun fyrir skákbörnin, haldið var taflmót á Eiðistorgi og í kjölfar mótsins var uppboð á listaverkum þar sem allur ágóði rann í ferðasjóð barnanna. Í kjölfar hátíðarinnar fóru leikskólastýra og foreldri skák barna í viðtal á Rás 2 í þættinum “Morgunútvarpið” um okkar öflugun ungu skákbörn (sjá fylgiskjal 10.13 Rás 2, viðtal í Morgunútvarpinu). Þeir nemendur sem keppa fyrir hönd skólans eru alltaf hluti útskriftarárgangi skólans, það er elstu börn skólans. Á skólaárinu fóru elstu börn á Opna Reykjavíkurmótið í skák í Hörpu og sáu níu ára gamla breska stúlku sem er undrabarn í skák. Börnin buðu henni í heimsókn á Laufásborg (sjá fylgiskjal 10.14 Morgunblaðið, “Undrabarn í skák heimsótti Laufásborg”). Skákkennari Laufásborgar fór í viðtal á Rás 1 og ræddi um skákkennsluna á Laufásborgar, upphaf og þróun hennar (sjá fylgiskjal 10.15 Rás 1, viðtal í Segðu mér). Mjög góð heimild um þetta þróunarstarf sem skákkennslan er.

Við erum afar stolt af því **tónlistarnámi** sem við bjóðum upp á á Laufásborg. Á síðasta ári fjárfestum við í tíu djembe trommur merktum Laufásborg og nú höfum bætt um betur og



fengið til liðs við okkur trommukennarann sem hefur verið að kenna okkur á trommurnar. Það er óhætt að segja að trommurnar hafi vakið stormandi lukku í skólanum og lyft starfinu í hópátímum, samverum og á söngfundum. Á Barnamenningarhátíðinni í Reykjavík héldum við tvo viðburði, annars vegar trommuviðburð í Hörpu (sjá fylgiskjal 10.21 Bæklingur “Djembe-gleði Laufásborgar í Hörpuhorni”) og hins vegar listagjöfning í Safnahúsinu með Jóni Jónsdóttur í Gjörningaklúbbnum (sjá fylgiskjal 10.22 vinnuskjal skólans í tengslum við Barnamenningarhátíð). Í skólanum eru starfandi tónskáld og tónlistarkennari. Í upphaf skólaársins tók **Kvæðabarnafjelag Laufásborgar** þátt í þjóðlagahátíðinni Vöku á degi rímnalagsins og var hluti af upphafsatriði hátíðarinnar sem sett var í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sterk hefð hefur fyrir íslenskum rímnakveðskap á Laufásborg á þorranum og á góunni frá árinu 2008 með Steindóri Andersen kvæðamanni í fararbroddi. Með þessum hætti erum við að gera okkar íslenska menningararfi hátt undir höfði, tengja við ræturnar, sögu Íslands og leggja rækt við með börnunum þennan einstaka sögulega menningararf og málörvunin er mikil samhliða söngnum.

Ásamt öflugri íslenskukennslu erum við með metnaðarfullt **tungumálanám**, öll börn skólans fá enskukennslu og útskriftarárgangur skólans fær þar að auki frönskukennslu. Við erum í þróunarsamstarfi við Listasafn Íslands þar sem leikskólabörnum er boðið upp á nám í myndlæsi. Við erum einnig vinaskóli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og förum reglulega á æfingar og tónleika hjá Sinfóníunni.

Komandi skólaár, árið 2024 til 2025, er nú þegar vel skipulagt. Börnum hefur verið skipt í hópa og hver hópur er kominn með sína hópstýru/hópstjóra. Nokkuð er um börn sem þurfa stuðning á næsta skólaári og hefur það, eins og hópastarfið, allt verið kvennað og mannað gæðafólki með skýra hjallíska sýn þar sem meginregla eitt er í hávegum höfð, það er að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni. Við mætum endurnærð aftur til starfa eftir sumarlokun skólans og hefjum skólaárið á námskeiðsdegi þann 12. ágúst. Á námskeiðsdeginum verður áhersla lögð á jafnréttis- og kynjanámskrána.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
HÓPASTARF á Laufásborg	Hópablöð, allt starf í hópátímum er skráð á þar til	Hópstýrur og hópstjórar. Hópablöðin hanga uppi í fataklefa hvers	Við erum á réttri leið, fylgjum lotunum en hvert skólaár er skipt í sex lotur



gerð eyðublöð.
Það eru tveir

kjarna, fjölskyldur

samkvæmt
Hjallastefnunni



	hópatímar á dag	barna geta lesið á hverjum degi.	
VALTÍMAR Á LAUFÁSBORG	Val hvers barns skráð. Það eru þrjú valfundir á dag, allt val skráð	Starfsfólk hvers kjarna	Við erum á réttri leið, samantektin á valinu er send til fjölskyldna jafnt og þétt yfir skólaárið
Allt starf skólans er skráð, bæði hópa- og valtímar en dagskráin byggir á hópa- og valtímum til skiptis alla daga, allt skólaárið	SAMA og greint er frá að ofanverðu	SAMA og greint er frá að ofanverðu	SAMA og greint er frá að ofanverðu

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starf Laufásborgar	Fjölskyldu könnun Laufásborgar	Fjölskyldur á Laufásborg	Sjá fylgiskjal 10.16 - Niðurstöður úr Fjölskyldukönnun Laufásborgar skólaárið 2023-2024
Starf Laufásborgar	Starfsfólkskönnun á vegum Hjallastefnunnar	Starfsfólk Laufásborgar	Sjá fylgiskjal 10.17 - Starfsfólkskönnun Laufásborgar fyrir skólaárið 2024



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Tenging milli heimilis og skóla	Treysta böndin enn frekar og gera öllum fjöl- skyldum það ljóst að það er ALLTAF Í BOÐI að hafa samband en við höfum fundið að foreldrar gera sér ekki alltaf grein fyrir því hversu mikinn aðgang þeir hafa að hópstýru eða hóp- stjóra barnsins síns	Hópstýrur og hópstjórar koma sér í samband við foreldra hvers barns í sínnum hópi og hvetja foreldrana til að hika ekki við að hafa samband varðandi allt það sem þeim liggur á hjarta varðandi barnið þeirra. Foreldrar fá síma- númer, mess- enger aðgang á fb og netfang hópstýra/ hópstjóra og þeim gert ljóst að það er alltaf í boði að hafa samband	Leik- skóla- stýra og hver og ein hópstýra og hver og einn hóp- stjóri	12.8. 2024	Júlí 2025	Samtal við foreldra, þétt samvinna og í foreldra- viðtölunum í nóvember og febrúar	Að fjöl- skyldur upplifi sig vel tengdar inn á Laufás- borg og finni gæðin í því að hafa alltaf aðgang að hóp- stýru eða hóp- stjóra barn- sins síns



<p>Upplýsingaflæði</p>	<p>Við viljum ganga enn lengra og ekki bara viðhalda markmiði síðasta skólaárs að fjölskyldur á Laufásborg upplifi sig vel upplýstar heldur virkja fjölskyldur enn betur með okkur í að ná settu marki</p>	<p>Gefum út bækling um starfið á Laufásborg sem inniheldur lýsingu á starfinu, hvernig við störfum og hver aðal tengiliður fjölskyldunnar er í skólanum og að við öll séum boðin og búin að aðstoða af fremsta megni (sjá fylgiskjal 10.3 “Velkomin á Laufásborg” - upplýsinga bæklingur til fjölskyldna á Laufásborg)</p>	<p>Leikskólastýra og hver og ein hópstýra og hver og einn hópstjóri</p>	<p>12.8. 2024</p>	<p>Júlí 2024</p>	<p>Samtal við foreldra, þétt samvinna og í foreldraviðtölunum í nóvember og febrúar</p>	<p>Að fjölskyldur upplifi sig vel upplýsta um gang mála á Laufásborg og allt það er varðar barnið þeirra</p>
<p>Fræðsla fyrir foreldra á Laufásborg</p>	<p>Nú streyma nýjar fjölskyldur inn á Laufásborg og við viljum alltaf bjóða þeim fræðslu</p>	<p>Örnám-skeið eru haldin einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn (sjá fylgiskjal 10.18 Örnám-</p>	<p>Leikskólastýra</p>	<p>Okt. eða nóv. 2024</p>	<p>feb. eða mars 2025</p>	<p>Samtal við foreldra, þétt samvinna og í foreldraviðtölunum í nóvember og febrúar</p>	<p>Að fjölskyldur á Laufásborg upplifi að þær hafi aðgang að fræðslu um hjall-</p>



	um starfið okkar og svara þeim spurningum um sem þeim liggur á hjarta. Eldri fjölskyldur eru að sjálf-sögðu einnig hjartanlega velkomnar.	skeið Laufásborgar og Aðalfundur foreldrafélagsins (1.11. '23)					íska starfs-hætti og um-ræðum um uppeldi barna
Uppeldis- og menntastarf							
Skerpa á áhaldinu, það er fara dýpra í jafnréttis- og kynjanáms skrána okkar	Við viljum stilla betur saman okkar hjallísku strengi og við viljum vinna öll sem eitt að sama marki	Á námskeiðs deginum okkar í ágúst ætlum við að fara í jafnréttis- og kynjanáms skrána okkar	Leik-skóla-stýra Laufás-borgar	12.8. 2024	júlí 2025	Í gegnum hópastarfið okkar, allir hópatímar skráðir á hópablöðin	Að það sé upp-bótar-vinna í hópa-tíma hvern einasta dag
Þakklætis- og hróskortin okkar	Við vinnum með jákvæðar stað-hæfingar alla daga, allan ársins hring í barna-starfinu til að efla	Kortin eru til sölu á Laufás-borg	Leik-skóla-stýra Laufás-borgar	12.8. 2024	júlí 2025	Fjöldi pakka sem voru seldir og ánægja fjölskyldna með kortin sem og eftirspurn eftir hrós- og þakklætis-kortunum	Fjöldi pakka sem voru seldir og ánægja fjölskyldna með kortin sem og eftirspurn eftir







4 **Innra mat xxx deildar/deilda** (hér gætu eldri og yngri deildir gert sameiginlega umbótaáætlun, það stuðlar að ígrundun og samræmingu).

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel



							tókst að ná markmiði.
Allir fjórir kjarnarnir í skólanum hafa sömu markmið, það er að skerpa á hjallískum starfsháttum og þannig stilla saman strengi okkar inn á kjarna og milli kjarna þannig að við göngum öll í takt	Alla daga, allt árið um kring, bæði innan og utan dagskrár. Við erum hverju öðru innblástur og við getum alltaf reitt okkur á stuðning og góð ráð hjá hverju öðru.	Fræðsla og samtalið, hvort sem það er inn á kjarna, í kaffistofunni eða á “messenger/workplace”. Það starfsfólk sem hefur mikla starfsreynslu styður við þau sem eru að tileinka sér stefnuna.	Leikskólastýra og hvert og eitt okkar, göngum í takt.	12.8. '24	Júlí 2024	Við erum alltaf með puttann á púlsinum þar sem allt barnastarf skólans er skráð. Hópastarfið er skráð á hópabliðin og þar er uppbótavinnan, blöndunin og sundurgreiningin skráð. Allt starf á valtíma er einnig skráð. Reynslan í húsinu er mikil og við finnum þegar við göngum í takt eða förum úr takti. Við tölum saman af heiðarleika og erum lausnamiðuð og jákvæð í allri okkar nálgun.	Að skráningin sé rétt, bæði á hópabliðum og á valtíma.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólasterfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem þurftu á því að halda. Þau börn sem áttu rétt á stuðningi fengu stuðning og voru virkir þátttakendur í leikskólasterfinu, hluti af hóp og tóku þátt á val tíma eins mikið og frekast var kostur. Við mætum öllum börnum á þeim stað sem þau eru stödd hverju sinni. Hópstýrurnar/ hópstjórnarnir verða sérfræðingar í sínum börnum og styðja við þau á þann hátt sem börnin þurfa. Allt starfsfólk skólans er á árunum, meðvitað um þarfir og getustig hvers barns.</p> <p>Upplýsingaflæðið í skólanum er mjög gott og við erum öll meðvituð um þá einstaklingsmiðuðu kennslu sem hvert og eitt barn þarf á að halda. Skráning er eftir þörfum, dagbókarskrif á milli heimilis og skóla, AHA skráning, sett voru markmið og framfarir voru skráðar, næstu skref voru svo ákveðin út frá niðurstöðunum.</p> <p>Talmeinafræðingur og barnasálfræðingur eru starfandi á Laufásborg. Barnasálfræðingurinn sinnir meðal annars frumgreiningu. Talmeinafræðingurinn leiðbeinir starfsfólki skólans varðandi talþjálfun og gerir málþroskamát á börnum sem þurfa á því að halda.</p>
--	--



<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>HLJÓM -2, EFI 2, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, MUB, MELB, WPPSI-R, CARS, ADHD rating scale, SRS, SDQ, Íslenski málhjóðalistinn</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Leikum og lærum með hljóðin, málörvunarbækur frá talmeinafræðingi, ýmis spil og bækur sem þjálfar félagsfærni, talnaskilning o.þ.h., Behavioral Intervention for young children with autism.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið sem skólanum er úthlutað vegna fjöltyngdra barna er af skornum skammti en það fjármagn sem skólinn fær er nýtt til að greiða talmeinafræðingi skólans fyrir sín störf en viðkomandi gerir málþroska- og framburðarmat og leiðbeiningar hvernig vinna skal með málþroska viðkomandi barns.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Málörvunin fer að mestu fram í hópatímum. Þau börn sem þurfa einstaklingsmiðaða þjálfun fá slíka þjálfun. Mikil málörvun fer einnig fram í fataklefa og samverunum sem eru þrisvar á dag. Öll tækifæri eru gripin til að baða börnin upp úr tungumálinu.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lögð er áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða og dýpka orðaforðann í öllum aðstæðum. Samverurnar eru kjörið tækifæri til að örva málþroskann, við m.a. kveðum og syngjum árstíðabundin lög þar sem orð og orðasambönd eru útskýrð vel. Sérstaklega mikil málörvun fer fram í hópatímum og í samverunum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Talmeinafræðingur metur með okkur, það er hópstýru/ hópstjóra barnsins og sérkennslustjóra skólans, hvort þörf sé á frekari inngripum eða breyttri málörvun og þá eru gerðar ráðstafanir til að koma til móts við þarfir barnsins. Málþroskamat og framfarir metnar reglulega hjá börnum með frávík.



Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum varðandi málþroska og virka þátttöku barna í skólanum.
---	---

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla íslensku þeirra barna sem eru með fleiri en eitt tungumál	Þessi umbóta-þáttur er í góðum farvegi en við viljum viðhalda árangri og sjáum alltaf tækifæri til að bæta okkur. Málörvun fer fram í hópatímum, samverum og á matartíma. Í skólanum er starfandi talmeinafræðingur og barnasálfræðingur og eru þeir okkur	Að hvert og eitt barn fái ávallt þá örvun og þjálfun sem það þarfnast, að öll tækifæri séu nýtt. Við kortleggjum hvar skóinn kreppir og komum til móts við þarfir hvers og eins barns.	Leikskólastýra, sérkennslustýra, hópstýrur og hópstjórar	13.8. '24	Júlí 2025	Talmeinafræðingur notar þar til gerð próf. Málvitund starfsfólks. Samstarf við talmeinafræðing og barnasálfræðing	Færni barnanna til að tjá sig á íslensku Orðaforði hafi aukist.



	innan handar þegar þörf er á.						
--	-------------------------------	--	--	--	--	--	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í gegnum árin hefur það þróast þannig að starfsþróunarsamtölin okkar eru orðin hluti af nálgun í starfi alla daga og allt árið um kring. Við höfum fundið okkar eigin takt og leiðir varðandi starfsþróun og fræðslu fyrir starfsfólk. Í starfsfólkshópnum er góður hópur fólks sem hefur verið hér til fjölda ára, starfsfólksvelta er lítil og er meðalaldur starfsfólks hár. Það er því mikil þekking og reynsla í húsi og við gætum þess að hafa á hverjum kjarna okkar reynslubolta, það er fólk sem hefur starfað hér til fjölda ára og þekkir afar vel til hjallískra starfshátta. Við erum öll alltaf boðin og búin að aðstoða og leiðbeina, sérstaklega nýliðum. Eftir að handleiðslu nýliða lýkur tekur okkar reynslumeira starfsfólk við og styður við þau sem eru ný og enn að fóta sig í hjallísku starfsumhverfi.

Það sem stækkar starfsfólkshópinn okkar er annars vegar hvað menntun, þekking og reynsla hópstýra og hópstjóra er fjölbreytt og hins vegar hvað við erum öll sem eitt á árunum, viljum láta gott af okkur leiða og vera ábyrgar og kærleiksríkar fyrirmyndir fyrir börn og fjölskyldur. Mannauðurinn á Laufásborg er okkar fjársjóður og skóli er jafngóður og fólkið sem er þar. Okkar símenntun er valin með það í huga að styðja við okkur að vera upplýstar, hjartamenntandi og mannbætandi manneskjur (sjá fylgiskjal 10.20, Símenntunaráætlun Laufásborgar 2023-2024). Föst viðtöl eru því meira tekin eftir þörfum en fyrirfram ákveðinni áætlun. Við erum í stöðugu lærdómsferli saman og ef það er eitthvað sem okkur liggur á hjarta að þá tökum við samtalið strax.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í gegnum tíðina hafa útskriftarbörn Laufásborgar farið í hina ýmsu grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Aðsókn á Laufásborg er úr öllum hverfum borgarinnar og því má segja að skólinn sé ekki “hefðbundinn” hverfisleikskóli. Við hvetjum fjölskyldur til að fara í skólaheimsókn í verðandi grunnskóla barnsins síns og fjölskyldur útskriftarbarnanna okkar hafa því sjálfar séð um að heimsækja sína hverfis-skóla með sínum börnum.



8 Foreldrasamvinna

Við erum einstaklega lánsöm og þakklát fyrir það **öfluga foreldrasamstarf** sem skólinn býr að. Tveir stórir viðburðir á vegum foreldra voru haldnir á skólaárinu, annars vegar skákhátíð og listaverkauppboð og hins vegar sumarhátíðin okkar. Foreldrar bjóða barnahópum á listviðburði og var elstu börnum skólans meðal annars boðið á sýningu um blómalistaverk á Hönnunarsafni Íslands tónleika. Einnig erum við í samstarfi við Listasafn Íslands í gegnum foreldri í skólanum. Í skólanum er boðið upp á frönskukennslu fyrir útskriftarhópin en það eru tveir foreldrar á Laufásborg sem sjá um kennsluna. Í byrjun skólaárs voru framleidd hrós- og þakklætiskort sem foreldri á Laufásborg hannaði. Við erum vinaskóli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og okkur er boðið á æfingar.

Fjölskyldukönnunin var svipuð og síðustu ár. Öll fallegu hrósin gefa okkur mikið og hvetja okkur áfram. Við erum þakklát fyrir börnin sem gefa okkur núvitund hverja stund, alltaf einlæg og skerpa á okkur sem manneskjur.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá fylgiskjal 10.24 Skóladagatal 2024-2025

10 Fylgiskjöl

10.1 [Umsögn foreldraráðs](#)

10.2 [“Gleði er fagmennska og við erum einlæg”](#)

10.3 [“Velkomin á Laufásborg”](#) - nýr upplýsingabæklingur til fjölskyldna á Laufásborg

10.4 [“Jákvæð sálfræði”](#) - Edda Björgvinsdóttir

10.5 [“Samfélagsgæska”](#) - dr. Ólafur Þór Ævarsson

10.6 [“Streita, vinur í raun”](#) - Kristín Sigurðardóttir slysa- og bráðalæknir

10.7 [“Leikskólinn sem foreldrar elska og starfsfólkið vill ekki hætta”](#)

10.8 [Ísland í dag, Laufásborg](#)

10.9 [“Verum eins og Laufásborg”](#)



- 10.10 [Mynd af hrós- og þakklætiskortunum](#)
- 10.11 Rás 1, Mannlegi þátturinn, "[Þú ert að lyfta barninu upp með því að veita þessu athygli](#)"
- 10.12 Heimildin, "[Að skapa nýjan farveg](#)"
- 10.13 Rás 2, [viðtal í Morgunútvarpinu](#)
- 10.14 Morgunblaðið, "[Undrabarn í skák heimsótti Laufásborg](#)"
- 10.15 Rás 1, [viðtal í Segðu mér](#)
- 10.16 - [Niðurstöður úr Fjölskyldukönnun Laufásborgar skólaárið 2023-2024](#)
- 10.17 - [Starfsfólkskönnun Laufásborgar fyrir skólaárið 2024](#)
- 10.18 [Örnámskeið Laufásborg 1. nóvember 2023 og Aðalfundur foreldrafélagsins](#)
- 10.19 [Morgunkveðja leikskólastýru](#)
- 10.20 [Símenntunaráætlun Laufásborgar skólaárið 2023-2024](#)
- 10.21 Bæklingur "[Djembe-gleði Laufásborgar í Hörpuhorni](#)"
- 10.22 [vinnuskjal skólans í tengslum við Barnamenningarhátíð](#)
- 10.23 [Bæklingur "Hauststefnan okkar 2023"](#)
- 10.24 [Skóladagatal 2024-2025](#)

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX



XXXXX XXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

